

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXV. árgangur.

2. hefti.

1995

Fimmtudaginn 16. mars 1995.

Nr. 13/1995.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Sigmundi Rúnari Rafnssyni

(Jón Hjaltason hrl.)

Líkamsárás. Áfrýjun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Málinu var skotið til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 27. desember 1994. Í stefnunni er því lýst, að af hálfu ákærða sé málinu einvörðungu áfrýjað, að því er varðar refsingu og greiðslu skaðabóta.

Í yfirlýsingu til ríkissaksóknara 20. desember 1994 um áfrýjun dómsins, sem ákærði undirritar sjálfur, kemst hann svo að orði, að hann „uni ekki dóminum, hvorki að því er varðar refsingu né skaðabætur, og óska eftir að dóminum verði áfrýjað til Hæstaréttar“. Í bréfi til ríkissaksóknara 31. janúar 1995 og munnlegum málflutningi fyrir Hæstarétti hefur verjandi ákærða haldið því fram, að í þessu hafi falist ákvörðun um áfrýjun dómsins, bæði að því er varðar sakarmat og refsíákvörðun. Um sé því að ræða misskilning, sem fram komi í áfrýjunarstefnu að þessu leyti. Í samræmi við það krefst ákærði þess að verða sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins í málinu.

Pegar litið er til skilorðsbundinnar refsíákvörðunar héraðsdóms og það jafnframt virt, að ákærði stóð sjálfur að yfirlýsingu um áfrýj-

un og að hann hefur staðfastlega neitað sök, þykir verða að líta svo á yfirlýsingu hans, að áfrýjun beinist að endurskoðun hins áfrýjaða dóms samkvæmt a- og c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994.

Af hálfu ákærvalds er krafist þyngingar á refsingu samkvæmt hinum áfrýjaða dómi og að ákærði verði dæmdur til að greiða Sigtryggi Árna Ólafssyni 182.400 krónur í skaðabætur. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Mat héraðsdómara á sönnunargildi munnlegra skýrslna fyrir dómi gefur ekki tilefni til úrræða samkvæmt 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. 1. nr. 37/1994. Önnur þau sönnunargögn, sem sakfelling ákærða er reist á, gefa ekki heldur tilefni til annarrar niðurstöðu en þeirrar, sem í héraðsdómi felst. Samkvæmt þessu verður héraðsdómur staðfestur, að því er varðar sakfellingu ákærða. Þá verður dómurinn enn fremur staðfestur um ákvörðun refsingar með vísan til forsendna hans.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn um útlagðan kostnað Sigtryggs Árna Ólafssonar hjá slysadeild Borgarspítala, 3.900 krónur. Ber ákærða að greiða þá fjárhæð auk þeirra skaðabóta, 70.000 króna, sem honum er gert að greiða samkvæmt héraðsdómi.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að ákærði, Sigmundur Rúnar Rafnsson, skal greiða Sigtryggi Árna Ólafssyni 73.900 krónur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 28. nóvember 1994.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 31. f. m., er höfðað hér fyrir héraðsdóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. júlí 1994, á

hendur Sigmundi Rúnari Rafnssyni, Hásteinsvegi 22, Vestmannaeyjum. Í ákæruskjali er ákæruatriðum lýst með eftirgreindum hætti:

....,fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 3. október 1993 í félagsheimilinu Njálsbúð í Vestur-Landeyjum í Rangárvallasýslu slegið Sigtrygg Árna Ólafsson, fæddan 27. apríl 1963, nokkrum höggum (sic) í andlit með þeim afleiðingum, að hann nefbrotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981“.

II.

Aðfaranótt sunnudagsins 3. október 1993 var ákærði á dansleik í félagsheimilinu Njálsbúð, Vestur-Landeyjum, Rangárvallasýslu. Er ákærði var á karlasalerni, hitti hann fyrir kæranda málsins, Sigtrygg Árna Ólafsson. Ákærði neitar að hafa slegið Sigtrygg Árna nokkur högg í andlit, eins og haldið er fram í ákæru, og segir Sigtrygg Árna hafa ráðist á sig. Ákærði heldur því fram, að þeir hafi af óskilgreindum ástæðum byrjað að rifast og Sigtryggur ráðist að sér og reynt að slá sig, en hann getað vikið sér undan, snúið Sigtryggi við og ýtt honum síðan frá sér. Kveður ákærði þetta hafa gengið mjög hratt og því aldrei verið grundvöllur til þess, að til almennilegra (sic) átaka kæmi milli þeirra Sigtryggs. Ákærði, sem frá upphafi hefur haldið fram sakleysi sínu í málinu, hefur ekki getað skýrt, hvers vegna Sigtryggur Árni nefbrotnaði, og kveðst hafa gengið burtu með kunningja sínum, sem einnig var staddur á salerninu, eftir að þeim Sigtryggi lenti saman. Ákærði, sem viðurkennir að kunna fyrir sér í karate og hafa náð grænu belti og þremur strípum í þeirri íþróttagrein, telur, að Sigtryggur hafi ekki orðið fyrir karatehöggum frá sér. Hann kveðst hafa verið ölvaður. Hann viðurkennir að hafa ekki tekið eftir því, að það blæddi úr andliti Sigtryggs Árna, og þótt hann muni ekki, hver voru upptök rífrildis þeirra, kveðst hann muna eftir því að hafa kallað Sigtrygg Árna mörgum ljótum nöfnum, og þess vegna hafi Sigtryggur ráðist á sig. Hann kveðst ekkert hafa þekkt til Sigtryggs Árna, áður en til átaka kom milli þeirra.

Í framburði sínum lýsir Sigtryggur Árni Ólafsson málsatvikum með öðrum hætti, og ber verulega á milli í framburði ákærða og vitnisins Sigtryggs Árna. Vitnið segir, að er það hafi verið statt á almenningssalerninu, hafi komið þar inn þrjár stúlkur og barið á salernishurð, en í einum slíkum klefa hafi ákærði verið að ganga örna sinna. Stúlkunum hafi legið mikið á að komast að. Ákærði hafi komið út úr salernisklefanum og spurt vitnið, hvað gengi eiginlega á, og kveðst vitnið hafa svarað því til, að stúlkunum lægi mikið á að nota salernið. Það hafi hins vegar ekki skipt neinum togum, að ákærði hafi slegið vitnið fyrirvaralaust nokkur högg með hægri og vinstri

hendi, og hafi þá strax farið að blæða úr nefi vitnisins. Vitnið segist hafa gripið höndunum um andlitið og snúið sér undan, en þá hafi ákærði lamið með hnefum í síðu vitnisins báðum megin, svo að vitnið sá sér ekki annað fært en fara út af salerninu. Á ganginum fyrir utan salernið kvaðst vitnið hafa hitt dyravörð og sagt honum, að inni á salerninu væri maður, sem hefði ráðist á sig að tilefnislausu.

Vitnið Guðni Þór Guðmundsson, dyravörður í Njálsbúð, staðfesti, að Sigtryggur Árni hefði komið að máli við sig, blóðugur í framan, og kvaðst vitnið hafa spurt Sigtrygg Árna, hvort hann vissi, hver hefði slegið hann, og Sigtryggur Árni svarað því játandi. Vitnið kvaðst hafa kallað til samstarfsmann í dyravörslunni og Sigtryggur Árni vísað þeim á ákærða, en ákærði neitað sök. Vitnið sagði, að kærandi og ákærði hefðu fylgt þeim dyravörðunum að lögreglubifreið, en lögreglan bíði í bíl fyrir utan og komi ekki inn á dansleiki, nema hún sé sérstaklega til þess kölluð. Framburður Björgvins Guðmundssonar dyravörðar var samhljóða framburði Guðna Þórs.

Vitnið Marteinn Þorkelsson, kunningi ákærða, kvaðst hafa verið að kasta af sér vatni inni á almenningssalerninu og ekki hafa séð upphafið að því, að þeir ákærði og Sigtryggur Árni fóru að rífast. Vitnið mundi eftir því að hafa séð ákærða slá Sigtrygg í síðu.

Ákærði og kærandi voru samprófaðir við meðferð málsins, en það bar lítinn árangur, þar sem báðir héldu fast við fyrri framburð sinn. Ákærði sagði þó, að verið gæti, að það hefði litið út eins og hann hefði kýlt kæranda, er hann hrinti honum harkalega frá sér. Ákærði kvaðst ekki treysta sér til að segja til um, hvort það gæti staðist, sem Sigtryggur hefði haldið fram, að ákærði hefði viðurkennt fyrir lögreglumönnum, er þeir voru komnir í lögreglubifreiðina, að hann hefði slegið Sigtrygg Árna inni á salerninu. Í frumskýrslu lögreglu, sem ákærði hefur ekki gert athugasemdir við, en er þó óstaðfest, er þess getið, að Sigtryggur Árni hafi verið blóðugur fyrir neðan nef, auk þess sem nefið hafi verið afmyndað, er þeir komu inn í lögreglubifreiðina. Einnig kemur þar fram, hver var þá afstaða þeirra til málsins.

Kærandi, Sigtryggur Árni Ólafsson, fór samdægurs á slysadeild Borgarspítalans, og kemur eftirfarandi fram í læknisvottorði Brynjólfs Jónssonar læknis:

„Hér með vottast, að ofangreindur maður kom á slysadeild þann 3. 10. 1993 kl. 17.30 að eigin frumkvæði. Hann kvaðst þá nóttina áður hafa verið sleginn í andlitið nokkrum sinnum. Hann kvaðst hafa verið staddur í Njálsbúð í V.-Landeyjum. Hann kvartaði yfir óþægindum frá andliti og kvið. Skoðun leiddi í ljós töluvert mar í andliti, sérstaklega neðan við vinstra auga og nef, sem er mjög bólgið og skakkt. Annað markvert kom ekki í

ljós. Sigtryggi var vísað til áframhaldandi meðferðar á háls-, nef- og eyrna-deild. Áverkarnir teljast þó vægir og líklegt, að hann nái sér að fullu.“

Í læknisvottorði Páls M. Stefánssonar háls-, nef- og eyrnalæknis, þar sem staðfest er, að kærandi, Sigtryggur Árni, hafi komið á göngudeild háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans 5. 10. '93, segir m. a.: „Sigtryggur kvartaði yfir bólgu í andliti, kvaðst hafa nefbrotnað, en kvaðst hafa rétt nefbrotið sjálfur strax eftir áverkann. Við komu á göngudeild háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans var Sigtryggur allbólgin yfir nefið og nefrótina, var með glóðarauga á vinstra auga. Nefbein var að heita beint að sjá við skoðun, en röntgenrannsókn af nefbeinum sýndi nefbrot á nefbeini án verulegrar hliðrunar. Sigtryggur kom síðan aftur 8. 10. '93. Hafði bólga þá að mestu gengið niður úr nefinu, og kom þá í ljós lítills háttar hliðrun í nefbeininu fremst, og var í staðdeygingu gerð aðgerð til þess að rétta nefbeinið, og tókst sú aðgerð vel að því er talið var. Það vottast, að áverkinn, sem Sigtryggur hefur hlotið, hefur getað hlotist á þann hátt, sem hann hefur lýst. Um vægan áverka er að ræða og líklegt að Sigtryggur nái sér að fullu eftir hann...“

III.

Pegar afstaða er tekin til þess, hvort sekt ákærða telst sönnuð, verður einkum að leggja til grundvallar mat á trúverðugleik framburðar ákærða annars vegar og kæranda hins vegar, en eins og málið er hér lagt fyrir dóm-inn af ákæruvaldinu, nýtur ekki nema að litlu leyti vitna við.

Ákærði kannast við að hafa ýtt við Sigtryggi Árna eða hrint honum harkalega, en hann neitar að hafa slegið hann í andlitið og segist alls ekki vera valdur að áverkum þeim, sem Sigtryggur Árni hlaut á veitingastaðnum. Ekki getur ákærði skýrt, hvers vegna blæddi úr nefi Sigtryggs Árna, eftir að þeim Sigtryggi Árna lenti saman, en getur sér þess til, að þá hafi annaðhvort Sigtryggur Árni verið búinn að fá áverkana eða að hann hafi hrasað á leiðinni út af salerninu. Framburður ákærða er að þessu leyti afar óljós og ótrúverðugur. Ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til þess, að Sigtryggur Árni hafi nefbrotnað, áður en ákærði hitti hann á salerninu. Svo að tilgáta ákærða gangi upp, hefði Sigtryggur Árni, væntanlega nýlega nefbrotinn, slegið til ákærða. Það stenst ekki. Síðari tilgátan stenst ekki heldur, þar sem Sigtryggur Árni leitaði strax ásjár dyravarðarins Guðna Þórs, er hann kom út af salerninu.

Ekki verður fram hjá því litið, að ákærði er vel þjáfaður karatemaður. Lýsing Sigtryggs Árna á atburðarásinni bendir til þess, að ákærði hafi notað kunnáttu sína í þeirri íþróttagein gegn Sigtryggi Árna. Kærandi, Sigtryggur

Árni, er vel samkvæmur sjálfum sér í vitnaframburði sínum, og fær fram-
burðurinn samrýmt framburði vitnisins Marteins Þorkelssonar, sem sá,
hvað gerðist, rétt áður en Sigtryggur Árni hljóp út af salerninu. Er Sigtrygg-
gur Árni kom sunnudaginn 3. október 1993 á slysadeild Borgarspítalans, var
hann töluvert marinn í andliti, sérstaklega neðan við vinstra auga, og nef
var mjög bólgið og skakkt. Þessi áverkalýsing er í samræmi við það, sem
Sigtryggur Árni hefur staðfastlega haldið fram í málinu.

Að þessu virtu þykir ekki vera varhugavert að telja nægilega sannað, að
ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás aðfaranótt sunnudagsins 3. október
1993 í félagsheimilinu Njálshúði, er hann sló Sigtrygg Árna nokkur högg í
andlit með þeim afleiðingum, að Sigtryggur Árni nefbrotnaði. Hátsemi
ákærða er rétt lýst í ákæru og hún þar réttilega heimfærð undir 1. mgr. 218.
gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

IV.

Ákærði, Sigmundur Rúnar Rafnsson, er sakhæfur, en hann er fæddur 29.
janúar 1971 og hefur samkvæmt nýju sakavottorði ekki áður sætt refsingu.
Með hliðsjón af því sem og því, að árás ákærða var gerð af litlu sem engu
tilefni, þykir refsing ákærða vera hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, en
fresta má fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá
birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegn-
ingarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

V.

Skaðabótakrafa Sigtryggs Árna Ólafssonar, kt. 270463–4609, er svohljóð-
andi:

„1. Greitt Borgarspítala.....	kr.	3.900
2. Hreinsun á fatnaði.....	–	4.000
3. Vinnutap, alls 5 dagar.....	–	24.500
4. Miskabætur	–	150.000
	Alls	kr. 182.400“

Liðir 1–3 í bótakröfu eru vanreifaðir, þar sem engin gögn fylgja kröfulið-
um þessum, og verða þeir ekki teknir til greina. Að teknu tilliti til þess, sem
fram kemur í áverkavottorðum, er unnt að taka til greina miskabótakröfu,
70.000 kr., og er skaðabótakrafan tekin til greina með þeirri fjárhæð.

Í samræmi við 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 ber ákærða að greiða allan
sakarkostnað máls þessa, þar með talinn ferðakostnað sækjanda, sbr. a-lið
1. mgr. 164. gr. laga nr. 19/1991, sem og saksóknarlaun í ríkissjóð, 55.000
krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Hjaltasonar hrl.,

55.000 krónur. Vitnaþóknun, sem er hluti sakarkostnaðar, er ágreiningslaus. Georg Kr. Lárusson, lögreglustjóri í Vestmannaeyjum, annaðist sókn málsins hér fyrir dómi, en aðalmeðferð málsins fór fram á Selfossi, er hafði í för með sér ferðakostnað fyrir ákæranda og verjanda ákærða.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta, en með því að dómariinn var bundinn við dómstörf í munnlega fluttum einkamálum, varð dómsuppsögu eigi við komið fyrir 21. þ. m., sbr. 2. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigmundur Rúnar Rafnsson, sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 55.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Hjaltasonar hrl., 55.000 krónur.

Ákærði, Sigmundur Rúnar Rafnsson, kt. 290171-2969, greiði Sigtryggi Árna Ólafssyni, kt. 270463-4609, 70.000 krónur í skaðabætur.
